

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2012

Frjómælingar hófust 23. apríl og stóðu allt til loka septembermánaðar eða í 157 daga. Um miðjan maí gerði krapahrið og fraus frjókornagildran föst og lágu því mælingar niðri í tvo daga eða á meðan veðrið gekk yfir. Sömu sögu var að segja fyrri partinn í september og lágu því mælingar aftur niðri í tvo daga, að öðru leyti gengu mælingar vel fyrir sig þetta árið.

Heildarfjöldi frjókorna varð 2990 í rúmmetra lofti, sem er aðeins yfir meðaltali (2731) árunna 1998-2011. Eins og oftast voru það grasfrjóin sem voru algengust eða 2254 sem er vel yfir meðallagi (1428) og hafa þau einungis einu sinni verið fleiri síðan mælingar hófust en það var árið 2003. Birkifrjó voru 222 sem talsvert undir meðallagi (611). Asparfrjóin voru 35 sem er einnig talsvert undir meðallagi (121). Vera má að vorhretið um miðjan maí hafi haft áhrif þar á. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þær 18 frjó- og grógerðir sem mældust í ár, raðað upp eftir fjölda.

Fyrstu frjókornin mældust 24. apríl og voru það lyng og asparfrjó, 28. apríl bættust svo víðifrjó og elftingargró við.

Mest var um asparfrjó í loftinu 12. og 13. maí eða dagana fyrir vorhretið en öspin virtist ekki ná sér á strík eftir það, þar sem asparfrjó sáust aðeins tvisvar eftir vorhretið. Heildarfjöldinn reyndist vera 35 frjó sem er eins og áður sagði vel fyrir neðan meðaltal og hefur aðeins tvisvar sinnum verið lægri, en það var árin 1999 og 2006.

Tafla 1. Frjó- og grógerðir í Akureyri sumarið 2012, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ lofti
Gras	<i>Poaceae</i>	2254
Birki	<i>Betula</i>	222
Rósaætt	<i>Rosaceae</i>	86
Súra	<i>Rumex</i>	64
Lyng	<i>Ericales</i>	35
Ösp	<i>Populus</i>	35
Netla	<i>Urtica</i>	34
Fura	<i>Pinus</i>	33
Stör	<i>Cyperaceae</i>	31
Víðir	<i>Salix</i>	28
Sveipjurtir	<i>Umbelliferae</i>	25
Elfting	<i>Equisetum</i>	20
Fífill	<i>Taraxacum</i>	15
Kattartunga	<i>Plantago</i>	6
Elri	<i>Alnus</i>	4
Einir	<i>Juniperus</i>	3
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	2
Hæra	<i>Juncaceae</i>	2
Óþekkt	<i>incognito</i>	91

Fyrsta birkifrjóíð mældist 22. maí. Hæst fór frjótalan í 49 frjó/m³ þann 28. maí. Birkifrjó komu fyrir nær daglega fyrri part júnímánaðar og komu aðeins einu sinni fyrir í júlí. Heildarfjöldinn varð 222 sem er vel fyrir neðan meðaltal (611) árunna 1998-2011 og hefur aðeins einu sinni verið lægra (149) árið 1999.


Grasfrjó mælast ekki oft í loftinu á Akureyri í maí en í ár mældust þau fjórum sinnum, fyrst 23. maí. Fyrri part júní komu þau stopult fyrir en frá 20. júní til 7. september komu þau fyrir nær alla daga. Samfelldur frjótími grasa í ár telst vera 68 dagar eða frá 25. júní til 31. ágúst. Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma stóð grastíminn hins vegar yfir í 47 daga eða frá 5. júlí til 20.

ágúst. Frjótalan varð hæst 306 þann 8. ágúst en annar álíka hár toppur kom fyrir í júlí þar sem frjótalan náði í 304 þann 29. júlí. Frjótalan fór fyrst yfir 10 þann 22. júní og gerðist það alls 35 sinnum, síðast 1. september. Frjótalan fór sjö sinnum yfir 100 í sumar, tvisvar sinnum í júlí og fimm sinnum í ágúst. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 2254 og reyndist ágúst vera aðal grasmánuðirinn með 1299 grasfrjó, í júlí mældust þau 835, í júní mældust þau 70 og aðeins 46 í september.

Súrufrrjó sáust fyrst 9. júní og komu stopult fyrir út mánuðinn, í júlí komu súrufrrjó fyrir nær daglega en frjótalan var yfirleitt fremur lág eða á bilinu 1-2 frjó. Í ágúst komu þau stopult fyrir og kom síðasta súrufrrjó ársins í gildruna 29. ágúst. Heildarfjöldinn varð 64 og fór frjótalan hæst í 8 þann 7. júlí.



Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir 1998 – 2012



Þegar á heildina er litið reyndist ágúst vera frjóríkasti mánuður sumarsins með 1407 frjó í rúmmetra lofts. Júlí var síðan með næstflest frjó 992, síðan júní með 278, maí með 220, september með 65 og apríl með 28 frjó í rúmmetra lofts. Júlí og ágúst voru yfir meðallagi en aðrir mánuðir voru undir meðallagi árunna 1998-2011. Samanlagt er þó frjósumarið 2012, með 2990 frjó, yfir meðallagi (2731) og munar þar um gríðarlega frjóríkan ágústmánuð.

Að jafnaði fóru 19 frjókorn um hvern rúmmetra andrúmslofts á sólarhring sumarið 2012. Flest voru þau 8. ágúst, 320, en þann dag voru grasfrjó í hámarki. Á tímabilinu 24. maí til 7. september reyndust tveir dagar vera án frjókorna 5. júní og 25. ágúst.

Samkvæmt veðurfarsyfirlitum Veðurstofunnar var meðalhiti á Akureyri undir meðallagi í júní og september, reyndist frávikið vera $-0,3^{\circ}\text{C}$ og $-0,4$. Aðra mánuði meðan frjómælingar stóðu yfir var meðalhiti yfir meðallagi. Aðeins í september reyndist úrkoma meiri en í meðalári og júní reyndist óvenju þurr. Gróður fór víða illa út úr vorhretinu þar sem hann var kominn af stað og skýrir að einhverju leyti lágar frjótölur fyrir ösp og birki. Þrátt fyrir mikla þurrka og styttri frjótíma grasa en oft áður þá varð heildarfjöldi grasfrjóa sá næsthæsti sem mælst hefur frá upphafi mælinga hér á Akureyri. Samanlagt var sumarið í ár fimmta mesta frjósumar frá upphafi mælinga.

Í október 2012
Lára Guðmundsdóttir

